

**Ed.**

**497. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verðlagsnefndir.

Frá bjargráðanefnd.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp þetta á 2 fundum.

Formaður verðlagsnefndar mætti á fundum nefndarinnar, og skýrði

hann nokkuð frá því, hvernig störfum þeirrar nefndar hefir verið háttað og álitinu um árangur þeirra.

En þótt fullyrða megi, að verðlagsnefndin hafi rækt störf sín með áhuga, þá verður ekki sjóð, að þau hafi, vegna aðstöðu hennar, getað komið að verulegum notum.

Skýr rök fyrir þessu færir háttv. bjargráðanefnd neðri deildar á þingskjali 409, og skal því látið nægja að vísa til þess.

Þó að nefndin, að fenginni reynslu, hafi litla trú á starfsemi verðlagsnefnda, vill hún ekki setja sig upp á móti því, að bæjarstjórnir, er aðra skoðun kynnu að hafa á þessu, geti fengið skipaðar verðlagsnefndir fyrir bæina.

Leggur því nefndin til, að háttv. deild samþykki frumvarpið.

Alþingi, 12. júlí 1918.

Guðm. Ólafsson.  
ritari.

Sigurjón Friðjónsson.

Hjörtur Snorrason.

M. J. Kristjánsson,  
með fyrirvara.

Jeg er þeirrar skoðunar, að frumvarp það, er hjer liggur fyrir, sje ekki til þess fallið að verða samþykkt af hv. efri deild, og legg því til, að það verði felt.

Guðjón Guðlaugsson,  
form.